

STJÓRNARTÍÐINDI C 1 — 1976

2. janúar 1976.

1

Nr. 1.

AUGLÝSING

um gildistöku alþjóðasamnings frá 29. desember 1972 um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það.

Með skirskotun til auglýsingar í Stjórnartíðindum C-deild nr. 17/1973 er almenningi hér með gert kunnugt að hinn 30. ágúst 1975 gekk í gildi alþjóðasamningur, er gerður var í Lundúnum hinn 29. desember 1972, um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það.

Samningurinn var birtur sem fylgiskjal með framangreindri auglýsingu.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 2. janúar 1976.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

8. janúar 1976.

Nr. 2.

AUGLÝSING

um gildistöku breytingar á stofnskrá Alþjóðahafrannsóknaráðsins.

Samkvæmt orðsendingu danska sendiráðsins dagsettri 5. þ.m. tók bókun um breytingu á 14. grein stofnskrár Alþjóðahafrannsóknaráðsins gildi hinn 12. nóvember 1975. Bókunin telst gerð í Kaupmannahöfn hinn 13. ágúst 1970, en var undirrituð af Íslands hálfu án fyrirvara um fullgildingu hinn 28. september það ár, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum C-deild nr. 26/1970, þar sem texti bókunarinnar var birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 8. janúar 1976.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

22. janúar 1976.

Nr. 3.

AUGLÝSING

um aðild að Félagsmálasáttmála Evrópu.

Samkvæmt heimild í ályktun Alþingis samþykktri hinn 14. maí 1975 var hinn 15. janúar 1976 gengið frá aðild Íslands að Félagsmálasáttmála Evrópu, sem gerður var í Torínó 18. október 1961. Fór undirritun sáttmálans af Íslands hálfu fram hjá Evrópuráðinu í Strasbourg og var fullgildingarskjal afhent þar við sama tækifæri.

C 1

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg